



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/2516
komudagur 5. 5. 2008

Reykjavík, 5. maí 2008
Tilvísun: 200804-0032

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 541. mál.


Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 541. mál, löggilding á rafverktökum.

Með frumvarpinu er verið að setja ákveðin skilyrði fyrir löggildinu rafverktaka í lög. Um er að ræða sömu ákvæði og hafa verið í reglugerð um raforkuvirki en ekki reyndist vera nægileg stoð fyrir þeim í lögum. Með frumvarpinu er verið að veita reglugerðarákvæðum fullnægjandi lagastoð.

Alþýðusambandið telur að hér sé um verulega bót á lögum um öryggi raforkuvirkja nr. 146/1996 og með frumvarpinu sé tekið á ákveðinni réttaróvissu.

Alþýðusambandið styður því frumvarpið.

F.h. Alþýðusambands Íslands,


Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Berist viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10


Tilvísun vor: 98.11
Reykjavík, 06.05.2008

150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 541. mál, löggilding á rafverktökum

Landsvirkjun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 541. mál, löggilding á rafverktökum, 541. mál. Landsvirkjun hefur skoðað erindi ykkar og hefur engar efnislegar athugasemdir, en telur að betur fari á að stytta og einfalda textann eins og sýnt er á meðfylgjandi skjali.

Virðingarfyllt


Einar Mathiesen
frankvæmdastjóri orkusviðs

Hjál.



Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar sem orðast svo:

a. (13. gr. a.)

Sá sem vill öðlast A-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi (hugsunin hér er væntanlega að viðk. hafi lokið BSEE eða MSEE prófi og mætti það því standa í málsgreininni í stað þess að skilgreina skóla) frá rafmagnsdeild viðurkennds háskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja;

eða

2. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja;

eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

b. (13. gr. b.)

Sá sem vill öðlast B-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds háskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja;

eða

2. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja;

eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

c. (13. gr. c.)

Sá sem vill öðlast CA-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds háskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða 2. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja;

eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CA-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

d. (13. gr. d.)

Sá sem vill öðlast CB-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds háskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja;
eða
2. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja;
eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CB-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu. Þeir aðilar sem áður hafa gegnt störfum ábyrgðarmanna, eða störfum fulltrúa þeirra, eða hlotið önnur réttindi samkvæmt reglugerð, skulu halda þeim réttindum áfram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdi r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, er lagt fram til að taka af tvímæli um fullnægjandi lagastoð varðandi hæfniskröfur við löggildingu Neytendastofu á rafverktökum, m.a. í kjölfar umfjöllunar umboðsmanns Alþingis um mál á sviði rafmagnsöryggis.

Er byggt á ákvæðum reglugerðar nr. 285/1998, um breytingu á reglugerð nr. 264 31. desember 1971, um raforkuvirki, með áorðnum breytingum, nánar tiltekið ákvæðum 1.4.7–9.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa.*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Markmið frumvarpsins er að taka af tvímæli um fullnægjandi lagastoð varðandi hæfniskröfur við löggildingu Neytendastofu á rafverktökum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

**sart****SAMTÖK ATVINNUREKENDA Í RAF- OG TÖLVUIÐNAÐI**

Federation of Icelandic Electrical and Computer Employers

Borgartúni 35 · 105 Reykjavík · Iceland · Tel. +354 591 0150 · Fax +354 591 0155 · E-mail: sart@sart.is · www.sart.is

Alpingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5/21
Alpingi
Erindi nr. P 135/2403
komudagur 28.4.2008

Reykjavík 25. apríl 2008


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 541. mál, löggilding á rafverktökum og breytingartillögu viðskiptaráðuneytisins við frumvarpið.

SART - Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði styðja eindregið þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og í breytingartillögunni.

Samtök rafverktaka hafa í viðræðum við rafmagns-öryggissvið Neytendastofu ítrekað lagt áherslu á að nauðsynlegt væri að renna styrkari stoðum undir löggildingu rafverktaka í lögunum og eru þær breytingar sem hér eru lagðar til gott skref í þá átt.

Virðingarfyllt,

F.h. SART - Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði


Ásbjörn R. Jóhannesson, framkvæmdastjóri

Landsfélag ísl. rafverktaka
Borgartúni 35, 105 ReykjavíkFélag rafveitna- og tölvufyrirtækja
Borgartúni 35, 105 Reykjavík